



Svanurinn.is

Fréttabréf Svansins

Júní 2013

Svanurinn hefur rúmlega sexfaldast á fimm árum

Árið 2008 voru einungis fjögur íslensk fyrirtæki með Svansleyfi en í byrjun árs 2013 voru þau orðin 25. Þennan mikla vöxt má meðal annars rekja til þess að Umhverfisstofnun lagði aukna áherslu á þjónustu við leyfishafa og umsækjendur. Eins og margir muna þá skall á efnahagskreppa árið 2008, en ólíkt því sem sumir spáðu, þá sáu íslensk fyrirtæki tækifæri í því að marka sér sérstöðu sem græn og vistvæn fyrirtæki og sóttu í auknum mæli um Svaninn. Vistvæn innkaupastefna ríkisins 2009–2012 hafði einnig þau áhrif að fyrirtæki sáu að í viðskiptum sínum við ríkið væri það kostur að geta boðið upp á umhverfissvottaða vöru eða þjónustu. Vöxtur Svansins á undanförunum árum hefur því verið einstakur og er það ekki síst áhugasömum og metnaðargjörnum leyfishöfum Svansins að þakka. Til hamingju öll!

Nýjustu leyfin - Mötuneyti Landsbankans og prentsmiðjan Litróf

Það sem af er ári hafa bæst við tvö ný Svansleyfi og fleiri umsækjendur eru langt komnir. Prentsmiðjan Litróf bættist í ört stækkandi hóp Svansvottaðra prentsmiðja, en þær eru nú níu talsins. Fyrsta mötuneyti landsins fékk Svansvottun í mars en það var mötuneyti Landsbankans í Austurstræti. Ekki gera sér allir grein fyrir því að hægt sé að sækja um vottun fyrir mötuneyti en þau þurfa í raun að standast sömu kröfur og gerðar eru til veitingahúsa. Við óskum Litrófi og mötuneyti Landsbankans hjartanlega til hamingju.

Prentviðmið og MSA

Svansvottun einkennist af því að leyfishafi þarf að uppfylla strangar kröfur og vera í fararbroddi í umhverfismálum. Þess vegna endurskoðar Svanurinn reglulega viðmið sín og herðir kröfurnar í hvert sinn. Nú hafa kröfur til Svansmerktra prentsmiðja verið hertar og metnaðarfullir leyfishafar Svansins fagna því. Núverandi leyfishafar þurfa því að standast endurvottun fyrir lok mars 2014, vilji þeir vera áfram með Svaninn. Nokkrir umsækjendur eru einnig að hefjast handa við Svansvinnuna í takt við ný viðmið.

MSA – My Swan Account

Í tengslum við nýju viðmiðin hefur verið lögð mikil vinna í nýja vefgátt sem nefnist My Swan Account en vefgáttin leysir núverandi kerfi af hólmi. Vefgáttin hefur verið opnuð fyrir prentsmiðjur en með tímanum verður vefgáttin aðlöguð að fleiri viðmiðum en gert er ráð fyrir að ný viðmið fyrir hótél, veitingastaði og ráðstefnurými verði næst í röðinni.

Upplýsingar um ný viðmið prentsmiðja, aðgang að MSA og helstu tímasetningar hafa verið sendar til tengiliða í Svansmerktum prentsmiðjum og umsækjenda um Svansleyfi. Einnig bendum við á heimasíðu Svansins fyrir nánari upplýsingar.

Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu



Svanurinn.is

Samkeppniseftirlitið úrskurðar um starfsemi Svansins

Haustið 2011 fór af stað verkefnið „Ágætis byrjun“ og fólst í því að nýbökuðum foreldrum var gefinn lítill poki með ítarlegum bæklingi um efni í umhverfi barna ásamt prufum af nokkrum Svansvottuðum ungbarnavörum. Skömmu eftir að verkefnið fór af stað sendi Íslensk-Ameríska verslunarfélagið kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna verkefnisins en einnig vegna kynningarstarfsemi Svansins almennt.

Samkeppniseftirlitið hefur skilað ákvörðun þar sem segir að aðgerðir Umhverfisstofnunar raski ekki samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Tekið er fram að umhverfisstofnanir skapi sérstaka eftirspurn um eiginleika vöru og þjónustu sem neytendur myndu annars ekki koma auga á án verulegs tilkostnaðar. Með kynningarstarfi sínu og verkefninu *Ágætis byrjun* hefur Svanurinn stuðlað að æskilegri samkeppni á grænum markaði og nauðsynlegri upplýsingagjöf til neytenda. Svanurinn mun halda ótrauður áfram að miðla upplýsingum til landsmanna um mikilvægi neytendavals fyrir umhverfi og heilsu.

Vistvæn innkaup og grænn ríkisrekstur

Þann 9. apríl síðastliðinn var ný stefna um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur undirrituð af fjármála- og efnahagsráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Í stefnunni er fjallað um hvernig samþætta megi umhverfissjónarmið góðum innkaupaháttum hjá ríkinu og hvernig opinberir aðilar geti gert rekstur sinn grænni. Umfang innkaupa ríkisins er um 150 milljarðar króna á ári. Með kaupmætti sínum og eftirspurn getur ríkið haft gríðarleg áhrif á þróun á markaði; á vöru- og þjónustuframboð og verið drifkraftur nýsköpunar. Meira um stefnuna á www.vinn.is og á facebook síðunni “Vistvæn innkaup og grænn ríkisrekstur”.

Sameinuð viðmið fyrir hótél, veitingarekstur og ráðstefnurými

Svanurinn hefur um árábil vottað hótél annars vegar og veitingarekstur hins vegar en nú stendur yfir vinna við að sameina þessi tvö viðmið og bætist þá við möguleikinn að láta votta ráðstefnurými. Þessi viðmið eiga margt sameiginlegt og oft er um samliggjandi rekstur að ræða. Eftir sem áður getur veitingastaður, sem er ekki rekinn í tengslum við hótél, fengið Svaninn og það getur sömuleiðis hótél sem ekki rekur veitingastað. Í nýjum viðmiðum verður gerð aukin krafa til ýmissa þátta svo sem orkunýtni, innkaupa og verklags.

Starfsmenn Svansins

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir (anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is) og Elva Rakel Jónsdóttir (elva@umhverfisstofnun.is) starfa á sviði Svansins. Anne Maria Sparf hefur látið af störfum. Fyrir almennar fyrirspurnir bendum við á svanurinn@umhverfisstofnun.is.

Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu